# Fundargerð Skólaráðsfundar 20. Apríl 2026

Mætt eru Elmar, Björn, Becky og Sigrún

## Breyting á morgunmatseðli

Morgunmatseðill hefur breyst, brauð var sótt 3x í viku og mikil sóun þar sem lítið var borðað. Nú er brauð 1x viku, hafragrautur, hrökk kex. Meiri fjölbreytni og virkar betur. Nemendur voru komnir með leið á brauði. Stundum er keypt lífrænt jógúrt frá Skaftholti

Kaja er með lífræna hafra sem eru glútenlausir og eru próteinríkir, athuga hvar hafrar eru keyptir.

## Skuldbinding foreldra út skólaárið.

Samþykkt á síðasta skólaráðs fundi að foreldrar skuldbinda sig til að greiða skólagjöld út skólaárið í þeim tilfellum sem nemandi skiptir um skóla. Tekið verður tillit til breytingu á aðstæðum.

Vont fyrir bekkinn, börnin, og skólann þegar börn hætta á miðju skólaári. Þegar börn byrja skólaárið hér eru þau að taka frá pláss og það eru langir biðlistar í suma bekki. Ekki gott fyrir bekkjarbrag þegar nemendur hætta á miðju skólaári, auk þess sem það er hollt að standa við skuldbindingu út skólaár. Þetta væri heiðursmannasamkomulag og ekki yrði farið í miklar innheimtuaðgerðir.

Tillaga að útfærslu hjá þeim nemendum sem þegar eru að gera þá opt-out, þ.e. allir foreldrar eru sjálfvirkt samþykkir þessum breytingum, í stað þess að eltast við undirskriftir.

Senda póst á foreldra með útskýringu á málinu.

## Fyrirkomulag á unglingadeild

Umsjónarkennarar eru spurðir hvort þeir vilji halda áfram með bekk. Ekki lengur teknum sem sjálfsögðum hlut að kennari fylgi bekknum.

Mikill kaos oft í unglingadeild í þrifum. Hugmynd að vera með deildarstjóra sem tekur á þessum málum. Erfitt fyrir kennara að vera endalaust að hjakkast í þessu.

## Sundakennsla

Tveir starfsmenn tóku laugarvarðarréttindin og því getum við farið að kenna sund aftur.

## Skólagjöld

Tillaga að hækka skólagjöld í takt við vísitölu. Samþykkt að taka áfram.

## Önnur mál

Hvað vill skólinn fá frá foreldrafélaginu? Hugmynd að fussball borði en það vantar pláss. Hafnarbolta sett fyrir yngri krakkana. Körfubolta fyrir leikvöllinn.